

Fundargerð 31. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar
11. desember 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Kynningar- og nafnamál
Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar og ákveðið að kanna betur þau þrjú nöfn sem valið stendur um.
3. 9 mánaða uppgjör
9 mánaða uppgjör var lagt fram og samþykkt af stjórn.
4. Mengunarhreinsun – niðurstaða forvals
Farið var yfir niðurstöðu forvals vegna hreinsunar verkefnis 1. áfanga.
5. Skýrsla um heilbrigðisuppbyggingu
Kynnt var skýrsla um tækifæri til heilbrigðistengdrar uppbyggingar á svæðinu.
6. Skýrsla um orkutengda uppbyggingu
Kynnt var skýrsla um orkutengda uppbyggingu á svæðinu.
7. Önnur mál
Samþykkt var tillaga um 10% lækkun launa stjórnar og framkvæmdastjóra .
8. Næstu fundir
Áfram verður miðað við að stjórnarfundir ÞK verði haldnir 2. fimmtudag í mánuði.

Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson